

slit þeirra í janúar 1977, skulu teljast sameign þeirra að jöfnu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 22. júní 1982.

Nr. 174/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Indriða Björnssyni

(Jón Þorsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum og 219. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 9. apríl 1981, en jafnframt var þess krafist af ákærvaldsins hálfu, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing þyngd frá því, sem í héraðsdómi er ákveðið. Af ákærða hálfu er krafist sýknu af öllum ákæruliðum.

Agrip barst Hæstarétti 23. október 1981.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl, vottorð Veðurstofu Íslands um veður í Reykjavík að kveldi slysdags og uppdráttur af slysvettvangi og umhverfi hans.

Sakargögn eru rakin í héraðsdómi.

Svo sem greinir í héraðsdómi, taldi ákærði sig hafa ekið á mjög lítilli ferð fram hjá Gamla stúdentagarðinum á þeim tíma, er slys varð. Hann kvaðst hafa hægt ferðina vegna fólks, sem komið var út á akbrautina fyrir framan bifreið hans, en það komst klakklaust norður yfir götuna. Skýrsla

ákærða fær stoð í vætti Gunnars Sveins Skarphéðinssonar og Sölva Óskarssonar. Vitnið Gunnar Sveinn segist hafa séð Stefán Vilhjálm Jónsson stökkva af umferðareyjunni út á akbrautina í sama mund og ákærði ók þar um og hafi hann lent á hlið bifreiðar ákærða. Vitninu Sölva Óskarssyni fannst „maður fara utan í bifreiðina framanverða“, en ekki verða fyrir framenda hennar. Hér er þess einnig að gæta, að Stefán Vilhjálmur segir í framburði sínum í sakadómi Reykjavíkur m. a.: „Vitninu þótti óþægilegt að standa í drullunni á umferðareyjunni og steig því út á akbrautina og stóð fast upp við kantsteininn“.

Ósannað er, að ákærði hafi ekið hraðar en ákvæði 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þau er í ákæru greinir, heimila. Eins og hér hagaði til, verður ákærði ekki sakaður um skort á aðgæslu, en við það verður að miða samkvæmt gögnum máls, að maður sá, sem lemsstur hlaut, hafi stokkið á bifreið hans. Hugðist hann fara yfir Hringbraut, þar sem ekki var gert ráð fyrir umferð gangandi manna. Er þess að gæta, að sérstaklega mörkuð og búin gangbraut var þar litlu vestar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot gegn 37. gr. svo og a og b liðum 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga og enn fremur af ákæru fyrir brot á 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Neitun ákærða á því, að hann hafi orðið var við Stefán Vilhjálm, er hann rakst utan í bifreið ákærða, verður að teljast heldur ósennileg. Framburðir vitnanna Gunnars Sveins Skarphéðinssonar og Sigurbjargar Jóhannsdóttur benda til þess, að ákærði hljóti að hafa orðið var við áreksturinn, en hins vegar varð Anna Björk Halldórsdóttir, sem stóð við hlið Sigurbjargar, ekki vör við dynk þann, sem Sigurbjörg byggir ályktun sína á.

Framburðir vitna um hægán og hikandi akstur ákærða eftir áreksturinn geta bent til þess eins, að ákærði hafi dregið mjög úr hraða vegna fólksins, sem hann hafði þá rétt ekið fram hjá, og leiða þeir ekki í ljós, að ákærði hafi hlotið að verða var við, að maður hefði lent á hlið bifreiðar hans. Eins og sakargögnum er háttað, þykir eigi fært gegn ein-

dreginni neitun ákærða að sakfella hann fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Ákærði er því dæmdur sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, og ber að leggja allan sakarkostnað í héraði og kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Indriði Björnsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 5.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1981.

Ár 1981, föstudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 30/1981: Ákæruvaldið gegn Indriða Björnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí sl., á hendur ákærða, „Indriða Björnssyni, Bauganesi 6 í Reykjavík, fæddum 26. maí 1909 að Hofi í Hörgárdal.

Ákærða er gefið að sök að hafa um kl. 2350 laugardagskvöldið 16. febrúar 1980 ekið bifreiðinni R 46672 í myrkri og rigningu vestur Hringbraut í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður með þeim afleiðingum, að bifreið ákærða rakst á Stefán Vilhjálm Jónsson, fæddan 24. júní 1908, sem gekk norður yfir götuna, með þeim afleiðingum, að vinstri ökli hans brotnaði, og að hafa síðan eftir nokkurt hik ekið af vettvangi án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins.

Telst þetta atferli ákærða varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., a og b liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Laugardagskvöldið 16. febrúar sl., klukkan 2350, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað á Hringbraut við Gamla stúdentagarðinn. Tveir lögreglu-menn fóru á vettvang, og gerði annar þeirra skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu, en hinn uppdrátt af slysstaðnum.

Samkvæmt lögregluskýrslunni hafði maður á leið norður yfir Hringbraut við Bjarkargötu orðið fyrir bifreið, sem ekið var vestur Hringbraut eftir vinstri akrein. Ók ökumaðurinn á brott án þess að sinna slysinu. Ekki var vitað með fullri vissu, hvernig bifreið hefði verið um að ræða, en sjónarvottur á leið vestur Hringbraut á bifreið taldi, að það hefði verið Austin Mini bifreið, rauð að lit.

Maður sá, er þarna slasaðist, var Stefán Vilhjálmur Jónsson, Bergstaðastræti 8 í Reykjavík, og var hann fluttur í sjúkrahúsið á slysadeild Borgarspítalans. Við rannsókn kom í ljós, að hann var brotinn um ökla á vinstri fæti, og auk þess kvartaði hann um eymsli í vinstri síðu.

Stefán Vilhjálmur skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði verið í Stúdentakjallaranum með kunningjum sínum og hefðu þeir drukkið úr einni flösku af léttu víni á ca tveim tímum. Þegar kjallaranum var lokað, fór Stefán Vilhjálmur þaðan ásamt öðrum og gekk áleiðis norður yfir Hringbraut þvert frá kjallaranum og að nyrðri akbrautinni án óhappa. Kvaðst hann líklega hafa stigið vinstri fæti út á götuna, rétt í því að bifreiðina bar að, og lent með hann undir einu hjóli hennar. Kvaðst Stefán Vilhjálmur hafa fallið niður á umferðareyjuna, en honum hefði verið hjálpað á fætur og inn í húsið aftur. Ekki kvaðst Stefán Vilhjálmur vita, hvernig bifreið hefði verið um að ræða, en henni hlyti að hafa verið ekið mjög hratt og ógætilega.

Að mati lögreglunnar var Stefán Vilhjálmur varla merkjanlega undir áhrifum áfengis.

Girðing var eftir umferðareyju Hringbrautar endilangri til varnar því, að gangandi vegfarendur færu alls staðar yfir, en girðingin hafði verið rofin á þeim kafla, sem slysið varð.

Þegar slysið gerðist, var myrkur, skýjað, rigning og malbikað yfirborð götunnar blautt.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Rögnvalds Þorleifs-

sonar, lækni á slysadeild Borgarspítalans, um áverka Stefáns Vilhjalms, dagsett 11. maí sl. Er vottorðið á þessa leið:

„LÆKNISVOTTORÐ.

Sj.: Stefán V. Jónsson, f. 24. 06. 08, Bergstaðastræti 8, R.

Neðanritað er byggt á bókunum í sjúkraskrá Stefáns á Slysadeild Borgarspítalans, einnig á eigin kunnugleika um áverka hans og meðferð þeirra.

Þann 17/2 1980, kl. 00.10, var fluttur á Slysadeildina maður, er kvaðst vera fyrrgreindur Stefán. Hann kvaðst skömmu áður hafa orðið fyrir bifreið. Kvartaði Stefán um eymsli í mjóhrygg, vi. ökla og í hæ. hendi.

Við skoðun virtust eymsli vera á öllum þessum stöðum.

Röntgenmyndir voru teknar af mjóhryggnum, og greindust ekki brot á þeim. Voru teknar röntgenmyndir af I. handarbakslegg í vi. hendi og aðlægum beinum, og sáust heldur ekki brot á þeim myndum. Á röntgenmyndum af vi. ökla sást brot upp úr öklaliðnum, en við fyrstu rannsókn varð ekki séð, að öklahnútur væru brotnar af. Lítið misgengi var í fyrrgreindu broti. Þrýstingsumbúðir voru lagðar á vi. ökla.

Áformað var, að sj. færi síðan heim, en lögreglumönnum, er fluttu hann þangað, leist ekki á aðstæður og fluttu hann þess í stað í lögreglustöðina. Höfðu þeir síðan samband við Slysadeildina. Undirritaður, sem var vakthafandi á Slysadeildinni, útvegaði síðan samastað fyrir Stefán á Sjúkrahótelinu Rauða Krossins, en pláss fékkst þar þó ekki fyrr en degi síðar. Var Stefán því lagður inn á Slysadeildina, þar til plássið á sjúkrahótelinu losnaði.

Áður en hann færi þangað, var skipt um umbúðir á öklanum og gipsstígvél á hann lagt.

Stefán hefur síðan vistast á sjúkrahótelinu, en komið til eftirlits nokkrum sinnum á göngudeild Slysaeildar.

Skipt var um gipsumbúðir þann 19/3, og fékk Stefán þá göngugips.

Við eftirlit þann 2/4 sl. sýndu nýjar röntgenmyndir, að brotsprungna náði gegnum innri öklahnútu, og þótti af þeim sökum öruggast, að Stefán hefði áfram göngugips í hálfan mánuð. Voru gipsumbúðirnar endanlega fjarlægðar þ. 16/3, og var þá talið, að öklabrotið væri allvel gróið. Stefán bar sig þá vel. Hann fékk leiðbeiningar um að æfa hreyfingar í öklanum og við að beita fætinum rétt aftur.

Gert var ráð fyrir, að hann dveldi þá enn áfram á sjúkra-

hótelinu í svo sem vikutíma, en líklegt þótti, að hann gæti eftir það bjargast heima við. Ekki var gert ráð fyrir, að hann kæmi á Slysadeildina til eftirlits eftir þ. 16/4, nema honum þætti sjálfum sérstakt tilefni til.“

Við rannsókn málsins hjá rannsóknardeild lögreglunnar gáfu sig fram tvö vitni, sem skýrðu frá því, að þau hefðu tekið niður númer bifreiðarinnar, sem hlut ætti að slysinu, og væri það fólksbifreiðin R 46672, en skráður eigandi hennar er ákærði, Indriði Björnssn. Af þessum sökum var haft tal af ákærða 19. febrúar og umrædd bifreið, sem er af Datsun gerð, rauð að lit, þá skoðuð og teknar af henni ljósmyndir, en á bifreiðinni reyndist skemmd á vinstra frambretti og einnig strokur á vinstri hlið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna.

Ákærði kvaðst hafa verið í Tónabæ að kvöldi laugardagsins 16. febrúar sl. á skemmtun. Áfengi var ekki haft um hönd á þessari skemmtun.

Ákærði ók bifreið sinni, R 46672, að skemmtun lokinni, á milli klukkan 2330 og 2400, frá Tónabæ áleiðis heim til sín, vestur Hringbraut og var einn. Skömmu áður en ákærði kom að Gamla stúdentagarðinum, færði hann bifreið sína af hægri akrein yfir á hina vinstri, þar sem hann hugðist aka um innri akrein hringtorgsins og beygja suður Suðurgötu.

Ákærði telur sig hafa verið á mjög lítilli ferð, þegar hann ók fram hjá Gamla stúdentagarðinum, og sá hann fólk á leið norður yfir götuna, og kom það frá stúdentagarðinum. Ákærði hægði ferðina vegna fólksins, sem allt var komið út á akbrautina fyrir framan hann. Ákærði ók síðan áfram heim til sín og varð þess ekki var á þessum slóðum, að neinn kæmi við bifreiðina eða að neitt óeðlilegt gerðist.

Ákærði sagði, að rigningarsúld hefði verið, og ók hann með háu ljósunum, en ekki mundi hann, hvort þurrkurnar voru á. Ákærði mundi ekki, hversu margt fólkið var, sem var að fara yfir götuna í þetta skipti.

Þegar lögreglan hafði samband við ákærða 19. febrúar, var honum bent á dæld í vinstra frambretti, sem ekki hafði verið þar, og kom hún ákærða á óvart. Var dældin vart sjáanleg að mati ákærða.

Ákærði kvaðst hafa notað bifreiðina dálítið, en ekki mikið, frá því að hann kom heim úr Tónabæ og þar til lögreglan hafði tal af honum vegna málsins.

Vitnið Stefán Vilhjálmur Jónsson listmálari, Bergstaðastræti

8 í Reykjavík, kvaðst hafa verið í Stúdentakjallaranum umrætt kvöld og neytt þar lítils háttar af rauðvíni. Fann vitnið ekki til neinna áfengisáhrifa, þegar það yfirgaf staðinn laust fyrir miðnættið ásamt fleira fólki, sem hélt norður yfir Hringbraut rétt við Bjarkargötu. Þegar vitnið var komið yfir syðri akbraut Hringbrautar og umferðareyjuna, sá það ljósglampa af bifreið, sem ók vestur Hringbraut. Vitninu þótti óþægilegt að standa í drullunni á umferðareyjunni og steig því út á akbrautina og stóð fast við kantsteininn. Á hægri hlið vitnisins var hópur af fólki, sem skyggði á bifreiðina, sem nálgast. Þetta fólk hopaði upp á umferðareyjuna, en vitnið varð seinna til og varð því fyrir bifreiðinni, sem vitnið sagði, að hefði ekið á sig, svo að það varð fyrir vinstra framhorni hennar við ökuljósið, og rakst hornið í kviðarhol vitnisins, en hjól bifreiðarinnar fór yfir annan fót vitnisins. Þá sagði vitnið, að spegill utan á bifreiðinni hefði rekist undir síðubarð þess. Sagði vitnið, að bifreiðin hefði ekið fast upp við kantsteininn.

Vitnið sagðist ekki vera orðið jafngott af meiðslum sínum 22. þ. m. og hefði óþægindi í vinstri fæti og mjöðm. Taldi vitnið sig aldrei verða jafngott.

Vitnið Gunnar Sveinn Skarphéðinsson, Rauðarárstíg 32 í Reykjavík, kvaðst hafa verið á leið norður yfir götuna og verið statt á umferðareyjunni, þegar Stefán Vilhjálmur lenti í slysinu. Vitnið sá bifreiðina, þegar hún nálgast, og var henni ekið á venjulegri ferð á vinstri hluta götunnar og frekar nálægt kantsteininum.

Vitnið taldi, að hluti af fólkinu, sem var á leið yfir götuna, hefði skyggt á bifreiðina fyrir Stefáni Vilhjálmi, sem vitnið sá stökkva úr drullusvaðinu á umferðareyjunni inn á akbrautina rétt við syðri kantstein akbrautarinnar. Rétt í sama mund bar bifreiðina að, og sá vitnið, hvað verða vildi, en gat ekki gert að. Vitnið taldi, að Stefán Vilhjálmur hefði ekki orðið fyrir bifreiðinni, heldur skolið á vinstra frambrettið og lent upp á vélarhúsið fyrir framan glugga ökumanns. Taldi vitnið afskaplega ólíklegt annað en að ökumaðurinn hefði orðið var við þetta, en hér var um töluvert högg að ræða, og kastaðist Stefán Vilhjálmur til baka á umferðareyjuna.

Vitnið sá ekki númerið á bifreiðinni, sem var ekið á brott, og ekki tók vitnið eftir því, hvort ökumaðurinn hikaði eftir slysið eða hélt áfram. Vitnið sá, að umrædd bifreið var lítil, en gat ekki lýst henni frekar.

Vitnið Sölvi Óskarsson verslunarmaður, Grenimel 16 í Reykjavík, kvaðst hafa ekið vestur Hringbraut í mjög slæmu skyggni, rigningu og sudda, umrætt sinn. Þó nokkru á undan vitninu var rauð bifreið, og ók hún á vinstri akrein eins og vitnið. Vitnið sá á þessum tíma töluverðan hóp af fólki á leið norður yfir Hringbrautina á móts við Bjarkargötu. Var sumt af þessu fólki komið yfir götuna, en annað á leið yfir.

Vitninu fannst rauðu bifreiðinni ekið á venjulegri ferð, og þegar hún ók um þann stað, þar sem fólkið var að fara yfir götuna, fannst vitninu maður fara utan í bifreiðina framanverða, en ekki verða fyrir framenda hennar. Vitnið var nokkuð langt í burtu og sá þetta ekki greinilega vegna hins slæma skyggis.

Vitnið hafði ekki tekið eftir ferðum mannsins, áður en hann lenti utan í bifreiðinni, og sá hann fyrst, þegar hann var utan á henni.

Vitnið Sigurbjörg Jóhannsdóttir nemandi, Álfheimum 68 í Reykjavík, var umrætt sinn statt á biðstöð SVR sunnan Hringbrautar, nokkru fyrir vestan Bjarkargötu. Fylgdist vitnið með fólki, sem var á leið norður yfir götuna á móts við Bjarkargötu.

Vitnið heyrði allt í einu dynk í nánd við fólkið, og þá fyrst sá það, að slys hafði átt sér stað, en maður lá í götunni. Ekki sá vitnið aðdraganda slyssins, og ekki sá það, hvort bifreiðin ók á manninn eða hann gekk á hana. Ekki tók vitnið heldur eftir því, áður en slysið skeði, hvort bifreiðinni var ekið hratt.

Vitnið sagði, að svo hefði virst, að bifreiðin hikstaði fyrst eftir dynkinn, en síðan var ferðin aukin og bifreiðinni ekið hiklaust á brott.

Þegar bifreiðinni var ekið undir fluorljós, sem eru yfir gangbraut rétt vestan við biðstöðina, sá vitnið skráningarmerki bifreiðarinnar, R 46672, og setti það á minnið.

Vitnið sagði, að bifreiðinni hefði verið ekið hikstandi, þar til hún var á móts við biðstöðina, þar sem vitnið stóð, en þá var byrjað að auka ferðina.

Vitnið var þeirrar skoðunar, að dynkurinn hefði verið það hár, að ökumaður bifreiðarinnar hefði átt að verða hans var, en vitnið sá, að ökumaðurinn var karlmaður með gleraugu og kominn yfir miðjan aldur.

Vitnið Anna Björk Halldórsdóttir nemandi, Huldulandi 7 í Reykjavík, var umrætt sinn í fylgd með vitninu Sigurbjörgu á biðstöð SVR.

Vitnið sá hvorki aðdraganda slyssins né það sjálft. Vitnið

taldi, að eitthvað í undirmeðvitundinni hefði sagt því, að þarna hefði orðið slys, en ekki heyrði vitnið dynk. Vitnið sá mann leiddan á brott og litla rauða fólksbifreið aka vestur götuna frá staðnum, og virtist henni ekið hægt fyrst, en síðan var ferðin aukin, að vitnið telur nokkru fyrir vestan þann stað, þar sem það stóð.

Vitnið tók eftir númeri bifreiðarinnar, R 46672, og lagði það á minnið. Þá sá vitnið ökumann hennar. Kvað það hann hafa verið um fimmtugt, ljósan yfirlitum, grannan með þunnt ljóst eða grátt hár og í ljósum jakka.

Vitnið taldi, að ökumaðurinn hefði örugglega orðið var við slysið vegna viðbragða hans, þegar hann ók fram hjá fólkinu.

Ákærði hefur mótmælt því, að vitnið Stefán Vilhjálmur hafi lent upp á vélarhúsi bifreiðarinnar, og ekki kannast hann við, að bifreiðin hafi hikstað hjá honum á þeim slóðum, sem slysið átti sér stað.

Vitnið Sigurður Pálsson rannsóknarlögreglumaður, Barmahlíð 27 í Reykjavík, gerði áðurgreinda lögregluskýrslu og skýringar við ljósmyndir, sem teknar voru af bifreið ákærða. Hefur vitnið staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Vitnið Steindór Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður, Orrahólum 7 í Reykjavík, gerði uppdrátt af slysstaðnum og hefur staðfest hann við meðferð málsins.

Sannað er með framburði vitna, læknisvottorði og öðrum gögnum málsins, að Stefán Vilhjálmur Jónsson varð fyrir slysi því, sem um er fjallað í máli þessu, og með þeim afleiðingum, sem um er getið í ákæru.

Þá þykir sannað með framburði vitnanna Sigurbjargar og Önnu Bjarkar, að það hafi verið bifreiðin R 46672, sem átti hlut að slysinu, en þetta er stutt því, að bifreiðin bar merki um ákomur á þeim stað, sem vitni hafa borið, að Stefán Vilhjálmur hafi komið við bifreið þá, er hann lenti á. Þá er sannað með framburði ákærða sjálfs, að hann hafi ekið um slysstaðinn, þegar slysið gerðist, og telst því komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreiðinni.

Sannað er með framburði vitna, að ákærði ók um stað, þar sem töluverður hópur fólks var á leið yfir götuna. Bar því ákærða að hægja ferðina og aka af fyllstu aðgát. Telur ákærði sig hafa gert það, en allt að einu er ljóst, að ákærði telur sig ekki hafa séð Stefán Vilhjálm eða orðið þess var, að hann kæmi við bifreið hans. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi ekið umrætt

sinn án þess að sýna aðgæslu, sem krefjast verður af öikumönn-
um, þegar þeir aka um staði, þar sem fólk er á ferð. Varðar það
brot við 1. mgr. 37. gr. og a og b liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Þrátt fyrir framburð Stefáns Vilhjálms þykir með framburði
vitnisins Gunnars Sveins, sem studdur er framburði annarra
vitna, og því, hvar ákomur voru á bifreið ákærða, ósannað, að
bifreið ákærða hafi rekist á Stefán Vilhjálmi, heldur virðist svo
sem hann hafi gengið eða hlaupið á vinstra frambretti bifreiðar-
innar. Þykir því eigi sannað, að ákærða hafi verið unnt að af-
stýra slysinu, og ber því að sýkna ákærða af því að hafa með
akstri sínum valdið Stefáni Vilhjálmi þeim áverkum, sem hann
hlaut í slysinu, og þar með af því að hafa brotið gegn 219. gr.
almennra hegningarlaga.

Þrátt fyrir framburð ákærða þess efnis, að hann hafi ekki
orðið slyssins var, þykir sannað, að ákærði hafi orðið þess var
og hafi hann eftir nokkurt hik ekið af vettvangi án þess að gera
nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins. Er þessi sönnun studd
því, að óhugsandi er, að maður rekist utan í bifreið á ferð og
skilji eftir á henni merki um það, án þess að ökumaður verði
var við það, enda hafa vitni upplýst, að um töluvert högg hafi
verið að ræða, sem ósennilegt sé, að ökumaður hafi ekki orðið
var við, svo og hafa vitni borið um hikstandi akstur ákærða eft-
ir slysið.

Þessi háttsemi varðar við 1. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og
refsingum sem hér segir:

1931 25/10 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1935 15/2 Dómur Hæstaréttar: 4 mánaða fangelsi við venjulegt
fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 283.
gr., sbr. 46. gr. og 48. gr. með hliðsjón af 47. gr.
hegningarlaganna. (Héraðsdómur, Siglufirði, 19/9
1933).

1953 28/8 á Siglufirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á verð-
lagsákvæðum. Upptækur ólöglegur ágóði kr. 303.72.

1945 8/6 Akureyri: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 21/9 Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 20/11 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1965 15/7 Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis-

lögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 15/7 1965.

1965 20/7 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1966 13/12 Reykjavík: Lögregluáminning fyrir að spilla heimilisfriði hjá fyrrverandi eiginkonu.

1967 10/3 Reykjavík: Dómur: Varðhald 5 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu 2/5 1967.

1967 22/11 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 10 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 13. janúar 1967.

Ákærða var veitt ökuleyfi á ný 27. ágúst 1970.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 3 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmans, 1.400.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Indriði Björnsson, greiði 800.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmans, 1.400.00 krónur.